

Sp.

208. Nefndarálit

[1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja deilda, sem mynda samvinnunefnd samgöngumála, hafa eins og undanfarin ár unnið sameiginlega að tillögum um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur nefndin eins og áður notið stuðnings og upplýsinga frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, hr. Guðjóni Teitssyni, sem hefur látið nefndinni í té margvíslegar upplýsingar um rekstur bátanna, afkomu þeirra o. fl.

Á fundi nefndarinnar 15. þ. m. var enn rætt um nauðsyn þess að leggja fram tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að endurskoða og gera tillögur um framtíðarskipun þessara samgöngumála, þannig að fjármagn það, sem ríkissjóður leggur fram árlega til þessarar þjónustu, megi koma þeim mörgu aðilum, sem þjónustunnar njóta, að sem bestum notum. Ákvörðun var frestað. Það er hins vegar sameiginlegt álit nefndarinnar að vinna að því, er Alþingi kemur saman eftir áramótin, að till. til þál. varðandi þessi samgöngumál verði lögð fram af nefndinni í sameinuðu þingi.

Það var sameiginlegt álit nefndarinnar, að ekki yrði komið hjá því að hækka að nokkru fjárframlög ríkisins til þessarar þjónustu á fjárlögum 1963 frá því, sem þau voru á yfirstandandi ári.

Um rekstur hinna ýmsu flóabáta og tillögur nefndarinnar um framlög til þeirra á næsta árs fjárlögum skal þetta tekið fram:

Norðurlandssamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag til „Drangs“ hækki úr 700 þús. kr. í 800 þús. kr. Framlag Strandabáts verði hið sama og á þessu ári, 160 þús. kr., með það í huga, að rekstrartími bátsins nái yfir 8 mánaða tímabil.

Þá leggur nefndin til, að Haganesvíkurbátur njóti 5 þús. kr. hækkunar, eða framlag hans verði 25 þús. kr. Framlag Hríseyjarbáts verði hið sama og í ár, 30 þús. kr., en framlag Flateyjarbáts á Skjálfanda hækki úr 48 þús. kr. í 50 þús. kr. Nefndin leggur til, að veittar verði 20 þús. kr. til hreppsnefndar Grímseyjar til að tryggja hálfsmánaðarlegar flugferðir til Grímseyjar.

Austfjarðasamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag til Loðmundarfjarðarbáts verði 50 þús. kr., eins og á yfirstandandi ári, en framlag til Mjóafjarðarbáts verði hækkað um 20 þús. kr., eða í 130 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að báturinn haldi uppi ferðum milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar með líkum hætti og áður. Þá er gert ráð fyrir, að af framlagi Mjóafjarðarbáts renni 50 þús. kr. til snjóbílsferða frá Seyðisfirði yfir Fjarðarheiði til Héraðs.

Suðurlands- og Vestmannaeyjasamgöngur:

Lagt er til, að framlag vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu verði 270 þús. kr., eins og á yfirstandandi ári, en framlag vegna vöruflutninga til Örefa verði hækkað um 22 þús. kr., eða í 130 þús. kr. Þá leggur nefndin til, að framlag til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga verði hækkað um 50 þús. kr., eða í 200 þús. kr.

Faxaflóasamgöngur:

Skallagrímur h/f nýtur framlags úr ríkissjóði á þessu ári, að upphæð 850 þús. kr., vegna rekstrar „Akraborgar“. Nefndin leggur til, að framlagið verði hækkað um 100 þús. kr., eða í 950 þús. kr. Framlag til Mýrabáts leggur nefndin til að verði hækkað úr 4500 kr. í 5000 kr.

Breiðafjarðarsamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag til Flateyjarbáts verði hækkað um 60 þús. kr., eða úr 230 þús. kr. í 290 þús. kr. Af þessu framlagi er gert ráð fyrir að 20 þús. kr. renni til vetrarferða af Barðaströnd til Patreksfjarðar, eins og undanfarin ár. Nefndin leggur til, að framlag til Stykkishólmsbátsins „Baldurs“ verði hækkað um 140 þús. kr., í 800 þús. kr., og að Langeyjarnesbátur njóti sama framlags og á þessu ári, 40 þús. kr.

Vestfjarðasamgöngur:

Nefndin leggur til, að rekstrarframlag til Djúpbátsins verði hækkað úr 660 þús. kr. í 800 þús. kr. Hækkun þessi er lögð til af nefndinni með það í huga, að ekki verði tekin upp í 22. gr. fjárlaga heimild til ríkisstjórnarinnar að greiða nefndum bát 100 þús. kr., eins og framkvæmt var á fjárlögum 1961 og 1962. Þá leggur nefndin til, að Dýrafjarðarbátur og Skötufjarðarbátur fái hækkun, sem nemi 5 þús. kr. á hvorn bát, þannig að framlag til þeirra verði 15 þús. kr., og að framlag til Patreksfjarðarbáts verði hækkað um 10 þús. kr., eða verði 20 þús. kr.

Samkvæmt framangreindum tillögum nefndarinnar nema framlög til flóabáta og vöruflutninga í heild 4 800 000 kr. Eins og að framan greinir, leggur nefndin til, að fjárhæðin skiptist þannig:

Norðurlandsbátur — „Drangur“	800 000 kr.
Strandabátur	160 000 —
Haganesvíkurbátur, vegna vöruflutninga	25 000 —
Hríseyjarbátur	30 000 —
Grímsey, vegna flugferða	20 000 —
Flateyjarbátur á Skjálfanda	50 000 —
Loðmundarfjarðarbátur	50 000 —
Mjóafjarðarbátur og framlag til snjóbílfreiðar	130 000 —
Vöruflutningar á Suðurlandi	270 000 —
Vöruflutningar til Örefa	130 000 —
Vestmannaeyjabátur, vegna mjólkurflutninga	200 000 —
H/f Skallagrímur — „Akraborg“	950 000 —
Mýrabátur	5 000 —
Flateyjarbátur á Breiðafirði — „Konráð“	290 000 —

Stykkishólmsbátur — „Baldur“	800 000 —
Langeyjarnesbátur	40 000 —
Djúpbátur — „Fagranes“	800 000 —
Dýrafjarðarbátur	15 000 —
Patreksfjarðarbátur	20 000 —
Skötufjarðarbátur	15 000 —

Samtals 4 800 000 kr.

Alþingi, 15. des. 1962.

Sigurður Ágústsson,
form. Nd.-nefndar, frsm.

Jón Árnason,
fundaskr. Ed.-nefndar.

Björn Pálsson,
með fyrirvara.

Jón Þorsteinsson,
form. Ed.-nefndar.

Bjartmar Guðmundsson,

Ólafur Jóhannesson.

Hannibal Valdimarsson.

Benedikt Gröndal,
fundaskr. Nd.-nefndar.

Jónas Pétursson.

Sigurvin Einarsson.